



Jesús bað okkur um að miðla fagnaðarerindinu

Eftir að Jesús reis upp, heimsótti hann postula sína. Hann gaf þeim fisk og brauð að borða.

Jesús spurði Pétur: „Elskar þú mig?“

Pétur sagði já. Því næst sagði Jesús: „Gæt þú lamba minna.“

Jesús spurði Pétur tvisvar sinnum til viðbótar. „Elskar þú mig?“

Pétur sagði já í bæði skiptin. Í bæði skiptin sagði Jesús: „Gæt þú sauða minna.“

Pétur skildi að Jesús var að biðja hann um að miðla fagnaðarerindinu. Jesús er hirðir okkar og við erum sauðir hans.

Við getum sýnt elsku okkar til Jesú með því að hjálpa öðrum að læra um hann og fylgja honum. ●

Fjarlægjið þessa síðu og brjótið hana saman til helminga. Haldið síðan myndinni á lofti meðan þið segið söguna.



Þið getið lesið þessa frásögn í Jóhannesi 21:15-18.

